

10. bekkur íslenska kennsluáætlun 2018-2019

Kennarar: Halldóra María Elíasdóttir

Markmið - Hvað ætlum við að læra?

Ýmis verkefni í eftirfarandi þáttum:

- Bókmenntir
- Ritun
- Málfræði
- Talað mál og framsögn
- Stafsetning

Námsefni - Hvaða bækur og gögn notum við í náminu?

Logar, Mér er í mun, Gísla saga, Englar alheimsins, Mýrin, Finnur III, Málið í mark - óbeygjanleg orð, Bragfræði, Málfinnur, Skrifinnur, Hugfinnur, lesskilningsverkefni, efni frá kennara o.fl.

Kennsluaðferðir - Hvernig vinnum við í kennslustundum?

Innlagnir, einstaklings-, para- og hópavinna, heildstæð verkefni, vinnubókarkennsla, tjáning, umræður, heimildarvinna, Google Classroom, Skólavefnum o.fl.

Námsmat - Hvað og hvernig nám og vinna metin?

Símat, sjálfsmat, jafningjamat, kannanir o.fl.

Íslenska matsviðmið 8.-10. bekkur

C - hæfni Nemandi getur flutt mál sitt sæmilega skýrt og nokkuð áheyrilega, með áherslum sem hæfa efni og tilefni.	B - hæfni Nemandi getur flutt mál sitt skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni.	A - hæfni Nemandi getur flutt mál sitt mjög skýrt og áheyrilega með blæbrigðum og áherslum sem hæfa efni og tilefni.
C - hæfni Hlustað og nýtt sér að nokkru leyti upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.	B - hæfni Hlustað og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.	A - hæfni Hlustað af athygli og nýtt sér upplýsingar í töluðu máli til fróðleiks, skemmtunar og sem heimildir í vinnu.
C - hæfni Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram sæmilegt mat á viðkomandi efni.	B - hæfni Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram rökstutt mat á viðkomandi efni.	A - hæfni Getur notið myndefnis, leikins efnis, tónlistar og sett fram á sjálfstæðan hátt rökstutt mat á viðkomandi efni.
C - hæfni Lesið almenna texta, með sæmilegum skilningi og túlkun á efni þeirra.	B - hæfni Lesið almenna texta, með góðum skilningi og túlkun á efni þeirra.	A - hæfni Lesið mjög vel og af öryggi almenna texta, með mjög góðum skilningi og túlkun á efni þeirra.
C - hæfni Fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.	B - hæfni Fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.	A - hæfni Fjallað um íslenskar og erlendar bókmenntir á gagnrýnninn hátt og gert sér góða grein fyrir gildi bókmennta í menningu þjóðarinnar.
C - hæfni Beitt að vissu marki góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar.	B - hæfni Beitt skipulegum og góðum vinnubrögðum við ritun, skipað efnisatriðum í samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar á skýran hátt.	A - hæfni Beitt skipulegum og mjög góðum vinnubrögðum viðritun, skipað efnisatriðum í röklegt samhengi og mótað málsgreinar og efnisgreinar af öryggi og á skýran hátt.

- **C - hæfni**
Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu **sæmilega** og fylgt viðmiðum um uppbyggingu texta.

B - hæfni
Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af **nokkru öryggi** og fylgt vel viðmiðum um uppbyggingu texta.

A - hæfni
Beitt stafsetningu og greinarmerkjasetningu af **öryggi** og fylgt **mjög vel** viðmiðum um uppbyggingu texta.

- **C - hæfni**
Beitt helstu málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins.

B - hæfni
Beitt málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.

A - hæfni
Beitt **mjög vel** og af **öryggi** málfræðihugtökum í umræðu um notkun málsins og þróun þess.

- **C - hæfni**
Beitt að **nokkru leyti** þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér **sæmilega** grein fyrir hlutverki þeirra.

B - hæfni
Beitt af **nokkru** öryggi þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér góða grein fyrir hlutverki þeirra.

A - hæfni
Beitt þekkingu sinni á beygingarlegum og merkingarlegum einkennum orðflokka og gert sér **mjög góða** grein fyrir hlutverki þeirra.